

## Yfirlýsing peningastefnunefndar 22. ágúst 2012

Peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands hefur ákveðið að halda vöxtum óbreyttum.

Horfur eru á nokkru meiri hagvexti í ár en Seðlabankinn spáði í maí, en horfur fyrir árin 2013 og 2014 eru á heildina litið svipaðar. Batinn á vinnumarkaði hefur einnig reynst meiri en spáð var. Efnahagsbatinn verður því æ skýrari. Erlend efnahagsframvinda er þó enn tvísýn, m.a. vegna fjármálakreppunnar í Evrópu, sem veldur sem fyrir óvissu um innlendar efnahags- og verðbólguhorfur.

Verðbólguhorfur til næstu tveggja ára hafa batnað frá síðasta fundi nefndarinnar þótt ekki sé reiknað með að verðbólguþækkun náist fyrir en undir lok tímabilsins. Hraðari hjöðnun verðbólgu á næstu misserum skýrist að mestu leyti af því að gengi krónunnar hefur hækk- að um ríflega 8% gagnvart viðskiptaveginni gengisvísitölu frá því að Seðlabankinn gaf síðast út þjóðhags- og verðbólguáætlun í maí.

Um verðbólguhorfur ríkir sem fyrir óvissa og gæti verðbólga hjaðnað hraðar, t.d. ef gengi krónunnar hækkar frekar. Á móti kemur að óvíst er í hve ríkum mæli styrking krónunnar að undanfögnu mun viðhaldast á komandi vetri. Einnig gæti tregða verðbólgunnar verið vanmetin, m.a. í ljósi lengri tíma verðbólguvæntinga sem eru enn nokkru hærra en verðbólguþækkun.

Laust taumhald peningastefnunnar á undanfögnu misserum hefur stutt við efnahagsbatann. Hækkun vaxta í maí og júní og hjöðnun verðbólgu hafa dregið umtalsvert úr slaka peningastefnunnar. Eftir því sem slakinn hverfur úr þjóðarþækkunum er nauðsynlegt að slaki peningastefnunnar hverfi einnig. Að hve miklu leyti þessi aðlögun á sér stað með hærra nafnvöxtum Seðlabankans fer eftir framvindu verðbólgunnar.